

154. löggjafarþing 2023–2024.  
Þingskjal 755 — 349. mál.  
2. umræða.

## Breytingartillaga

við breytingartillögu á þingskjali 754 [vopnalög].

Frá Halldóru Mogensen.

B-liður b-liðar 5. tölul. falli brott.

### Greinargerð.

Lagt er til að felld verði brott tillaga meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar um að heimila innflutning á hálfsjálfvirkum skammbyssum og hálfsjálfvirkum rifflum til söfnunar. Sú tillaga gengur þvert gegn þeim tilgangi frumvarpsins að koma í veg fyrir að einstaklingar geti sankað að sér skilvirkum drápstækjum.